

Umsögn

um tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 200/2012 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.

Frá 1. minni hluta umhverfis- og samgöngunefndar.

Utanríkismálanefnd óskaði eftir því með tölvupósti, dags. 4. febrúar 2013, að umhverfis- og samgöngunefnd léti í té álit sitt á tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 200/2012 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (465. mál).

Umhverfis- og samgöngunefnd hefur fjallað um málið. Með vísan til þess að umhverfis- og samgöngunefnd hefur haft til umfjöllunar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til innleiðingar á ákvæðum reglugerðarinnar (þskj. 320, 287) gerir 1. minni hluti nefndarinnar ekki athugasemd við það að hinum stjórnskipulega fyrirvara verði aflétt af umræddri ESB-gerð.

Birgir Ármannsson, Árni Johnsen og Arndís Soffía Sigurðardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. febrúar 2013.
Ólafur Þór Gunnarsson, form.
Ólína Þorvarðardóttir.
Mörður Árnason.
Margrét Pétursdóttir.